



Skagafirði, 5. mars 2012

Nefndasvið Alþingis  
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, mál 342 og tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, mál 343.**

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Undirrituð telur öflug fjarskipti meðal nauðsynlegustu grunnstoða til að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf um land allt og eflingu fjölbreytts mannlífs.

Tryggja þarf að öll heimili í landinu búi við fullnægjandi net- og farsímasamband. Aðgangur að ljósleiðara er grundvöllur þess að jafna tækifæri fyrir byggð og atvinnulíf og gefur fólki, stofnunum og fyrirtækjum raunverulegan valkost um búsetu og starfsemi. Tryggja þarf viðunandi háhraðatengingar til mennta- og rannsóknastofnana á landsbyggðinni.

Tryggja þarf að gagnaver geti starfað í landshlutum þar sem orka verður nýtt fyrir starfsemi í heimabyggð. Í því skyni þarf að tryggja ljósleiðaralagningu og hringtengingar á slíkum svæðum sem og að raforkutengingar og hringtengingar rafmagns séu fullnægjandi. Ljósleiðarahringtenging þarf að ná að lágmarki til landsvæða/byggðakjarna með yfir 1.000 íbúum. Háleitum markmiðum um atvinnuuppbyggingu, bætt lífskjör og jákvæða byggðaðróun þarf að fylgja eftir í verki.

Tryggja þarf að þegar fjarskiptainnvíðir eru lagðir samhliða vatns- og raflínulögnum af hálfu veitufyrirtækja komi til þátttökugreiðslna fyrir lagningu ljósleiðara.

Veita ber almenningi og fyrirtækjum sem víðast aðgangur að ljósleiðurum sem þegar eru fyrir hendi, s.s. í eigu Míu, Nato, Fjarska/Landsnets/Landsvirkjunar og Rarik. Aðgangur að þessum ljósleiðurum verði ekki heftur án skýrra og málefnalega ástæðna.

Tryggja þarf fullnægjandi fjarskiptasamband við fjölfarnar samgönguleiðir og er minnt í því sambandi á slæm skilyrði til móttöku útvarpsendinga og ekkert farsímasamband á stórum hluta Þverárfjallsvegur. Brýnt er að tryggja farsímasamband á öllum stofnvegum landsins og bæta útbreiðslu útvarps á landsbyggðinni.

Brýnt er að í fjarskiptaáætlun verði tryggð fullnægjandi pósthjónusta á landsbyggðinni og í þeim efnum verði ekki eingöngu horft til hagkvæmni í rekstri heldur einnig mismunandi aðstæðum í hverjum þéttbýliskjarna fyrir sig, t.d. hvað póshúspjónusta varðar.

Mikilvægt er að fjármagni verði varið til áætlaðra verkefna þannig að metnaðarfullar áætlanir verði ekki aðeins falleg orð á blaði heldur verði þeim raunverulega hrint í framkvæmd á fyrirhuguðum framkvæmdatíma.

Virðingarfyllt,

Ásta Björg Pálmadóttir,  
sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar